



## Sjálfstjórn á Norðurlöndum

Með tilvísun til 45. og 56. greinar Helsingforssamningsins hefur Norðurlandaráð þann 4. desember 2012 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu borgara- og neytendanefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að* taka saman rit þar sem sjálfstjórnarsvæði á Norðurlöndum eru borin saman og greint frá reynslu Álendinga, Færeyinga og Grænlandinga af sjálfstjórn á Norðurlöndum. Ritinu væri ætlað að vekja athygli á sjálfstjórn á Norðurlöndum sem tæki til að leysa svæðisbundin átök á friðsamlegan hátt og sem ætti athygli stjórnarereindreka skilið;

*að* standa að ráðstefnu um sjálfstjórn á Norðurlöndum þar sem ritið yrði kynnt og sjálfstjórnarhættir á Norðurlöndum ræddir.

Rønshoved, 4. desember 2012

*Kimmo Sasi*

Forseti Norðurlandaráðs

*Jan-Erik Enestam*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs